

Mættir:

Siggeir F. Ævarsson (bæjarskrifstofur) - formaður
Sigríður Guðmundsdóttir Hammer (Laut)
Halldóra Halldórsdóttir (grunnskóli)
Ólafur S. Hafsteinsson (Miðgarður og Túngata)
Hjalti Guðmundsson (þjónustumiðstöð)

1. Tilkygningar um næstum því slys og slys

Nefndin undirstrikar að starfsfólk fari til læknis þegar slys verða til að tryggja að allir aðilar hafi einhver gögn í höndunum ef með þarf.

2. Vinna barna- og unglina

Tekið fyrir bréf frá Vinnueftirlitinu um vinnu barna og unglina. Áhættumat í vinnslu fyrir vinnuskólann, Bassi er að vinna í því. Flokkstjórar og elstu sumarstarfsmenn Grindavíkurbæjar sækja fjölmörg námskeið í aðdraganda sumarsins. Má þar nefna skyndihjálp, öryggisbúnaður hjá Sjóvá, vinnuverndarnámskeið, beiting líkamans og samskiptanámskeið frá félagsþjónustunni.

3. Vinnuverndarmöppur - samræming fyrir allar stofnanir.

Hjá einhverjum stofnunum eru til ítarlegar vinnuverndarmöppur með miklum gögnum. Nefndin leggur til að slíkar möppur verði til á öllum vinnustöðvum og útlit þeirra og innihald verði samræmt. Verkefni sem verður farið í með haustinu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:30

Næsti fundur verður í byrjun í september